



Pétur Þorleifsson í Jökulheimum í lok vorferðar í júní 2004.
Ljósmynd/Photo. Magnús Tumi Guðmundsson.

Pétur Þorleifsson, 1933 – 2021

Minning

Norðaustur af Þursaborg í Langjökli er annað jökulsker, nokkru hærra, en liggur þó meira í jökli en borgin. Haraldur Matthíasson átti hugmyndina að nafni á þetta jökulsker fyrir rúmlega 40 árum, að það skyldi heita Péturshorn eftir Pétri Þorleifssyni, ferðagarpinum mikla sem lést í janúar síðastliðnum. Íslenska örnefnahefðin er að nöfnin tengist náttúruleg-

um einkennum eða útliti þess fyrirbæris sem ber nafnið. Einnig er þekkt að saga ráði nafni. Nokkrar undantekningar eru á þessu. Til eru nokkrir tindar sem heita eftir fólki, en til þess þarf gildar ástæður. Og fáir eru betur að slíkum heiðri komnir en Pétur Þorleifsson. Hann var allra manna fróðastur um landið, þekkti allar leiðir, hafði gengið á öll fjöll.

Pétur Sölvi Þorleifsson fæddist í Reykjavík 1933. Foreldrar hans voru Jónína Kristjánsdóttir og Þorleifur Þorleifsson en fósturforeldrar Sölvína Baldvina Konráðsdóttir og Pétur Björgvin Björnsson. Foreldrar hans bjuggu við lítil efni og varð úr að Sölvína, ljósmóðirin sem tók á móti Pétri, tæki hann í fóstur. Pétur var fluttur til fósturforeldra sinna þriggja mánaða gamall norður í Sléttuhlíð í Skagafirði. Þar ólst hann upp en fluttist til Reykjavíkur 1951. Pétur giftist Guðbjörgu Hjálmarsdóttir 1961. Hún lést aðeins 10 dögum á eftir Pétri, en hafði misst heilsuna rúmu ári fyrr. Sonur þeirra er Hjálmar Pétur söngvari.

Pétur vann við reiðhjólavíðgerðir og rak lengst af ásamt öðrum Gamla Verkstæðið, en honum leið best á fjöllum og þar var hugurinn löngum. Á ferðum sínum notaði hann þann ferðamáta sem honum fannst henta í hvert skipti. Pétur ferðaðist m.a. um hálendið á reiðhjóli sem ungur maður. Alla tíð fór hann um fótgangandi eða á skíðum. Í nokkurt árabíl eftir 1965 átti Pétur snjóbílinn Nagg í félagi við aðra. Um 1970 hófst tímabil þegar hann var mikið á vélsleðum og stóð það í 20 ár. En tækin voru aukaatriði og Pétur sinni jepum eða vélsleðum að því marki sem þurfti til að komast á þá staði sem hugurinn stóð til. GPS og þess háttar notaði Pétur ekki en villtist þó aldrei. Hann las landið betur en aðrir og var gætinn ferðamaður. Pétur gat verið sérvitur á sinn hátt, sá t.d. ekki ástæðu til að nota sólarvörn á jökulum sem var kannski ekki besta lausnin í öllum tilvikum.

Pétur var virkur í mörgum félögum, m.a. Flugbjörgunarveitinni, Ferðafélaginu og Jökklarannsóknafélaginu auk þess að syngja í Karlakór Reykjavíkur um langt árabíl. Innan JÖRFÍ beitti hann sér fyrir byggingu fjallaskála á háfjöllum og átti stærstan þátt í að velja litlum skálum Jökklarannsóknafélagsins stað við Fjallkirkju í Langjökli og á Goðahnjúkum austast á Vatnajökli. Þessir skálar hafa aldrei verið fjölsóttir en skálastæðin eru einhver þau fallegustu sem um get-

ur á Íslandi enda þekkti Pétur alla bestu staðina. Pétur var gerður að heiðursfélagi í Jökklarannsóknafélaginu á sextíu ára afmæli þess árið 2010, fyrir framlag til jöklaferða og könnunar. Pétur var þrýðilega ritfær og skrifaði meðal annars tvær bækur um gönguleiðir á fjöll hér á landi, þá fyrri í samvinnu við Ara Trausta Guðmundsson.

Minningarnar um Pétur ná langt aftur, en honum kynntist ég fyrir rúmum fjórum áratugum, þegar ég fór 17 ára gamall einu sinni sem oftar í ferð með Ferðafélaginu. Þetta var haustferð inn á Landmannafrétt. Þar var Pétur meðal þátttakenda. Ég vissi vel af honum enda fóru sögur af þessum manni sem víðar hafði farið en aðrir. Pétur var léttur í spori og vel á sig kominn en setti sig ekki yfir nokkurn mann. Ári síðar var leiðin milli Landmannalauga og Álftavatns stikuð í fyrsta sinn. Sem við erum við Brennisteinsöldu á suðurleið segir Pétur: „Þú ættir að ganga í Jökklarannsóknafélagið, þá kemstu á jökul.“ Er ekki að orðlengja það að eftir helgina skráði Pétur mig í félagið. Þannig hófst vegferð sem enn er ekki lokið, enda er jöklabakterían ólæknandi.

Þegar horft er til baka er vorferðin 2004 að mörgu leiti hugstæð. Pétur var þá rúmlega sjötugur, léttur á sér sem fyrr og lék við hvern sinn fingur. Veður var með eindæmum gott, sól og heiðríkja nánast allan tímann. Við fórum á Örfafajökul og þá var hæð Hvannadalshnjúks mæld, en þetta var í fysta sinn sem það var gert með nákvæmu GPS tæki. Tilefnið var að 100 ár voru liðin frá því Koch mældi Hnjúkinn með þríhyrningamælingum í upphafi kortlagningar Danska Herforingjaráðsins á Íslandi. Seinna í ferðinni fórum við í Kverkfjöll og nokkrir voru góðviðrisdagarnir í Grímsvötnum. Eins og myndin sem fylgir þessum minningarorðum sýnir kom Pétur æði sólbrunninn af jökli en ekki sló það á ferðagleðina. Það er bjart yfir þessari ferð og sama gildir um minninguna um öðlinginn Pétur Þorleifsson.

Magnús Tumi Guðmundsson